

LÖG

um breytingu á lögum nr. 73 26. nóvember 1980, um tekjustofna
sveitarfélaga, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 26. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 129/1984:

1. Í stað „2250 kr.“ í 1. mgr. komi: 4131 kr.
2. Í stað „450 kr.“ í 1. og 2. másl. 2. mgr. komi: 826 kr.
3. Í stað „650 kr.“ í 7. mgr. komi: 1193 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1987 vegna tekna á árinu 1986.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Alexander Stefánsson.

LÖG

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar,
nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Að auki skal greiða bótaþegum, sem hafa börn sín yngri en 18 ára á framfæri á heimili sínu eða greiða sannanlega með þeim meðlag utan heimilis, 4% af framangreindum launum með hverju barni.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.